

Fiskeldi Austfjarða
Laxabraut 9
815 Þorlákshöfn

5. janúar 2026
UOS2501628/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 3. nóvember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Fiskeldi Austfjarða, Bakka ID 272 þann 24. september 2025. Þann 4. nóvember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 22. mars 2024. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. ágúst 2024. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Töluvert af fóðri var í viðtaka sem kom frá frárennslinu. Rekstraraðili fór í framkvæmdir og var lækurinn grynnaður og mól tekin svo það sé auðveldara að hreinsa hann. Eftirlitsaðili fékk mynd senda af læknum 21. nóvember 2025. Úrbætur verða skoðaðar betur í næsta eftirliti.
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Sápubrúsar og sótthreinsibrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna. Eftirlitsaðili fékk mynd með lekavörn undir brúsunum 4. nóvember 2024, frávikin er lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Teymi eftirlits